

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Skógarhverfi, áfangi 5.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 28. september 2021 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, áfanga 4. Breytingin felst í að deiliskipulagsmörkum milli 4. og 5. áfanga Skógarhverfis, er breytt, þannig að lóðir merktar 1 og 7 í 4. áfanga verða hluti af deiliskipulagi Skógarhverfis, 5. áfanga. Svæðið verður skipulagt með deiliskipulagi 5. áfanga Skógarhverfis. Skilgreind er lóð undir spennistöð á lóð nr. 5 við Asparskóga. Breytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. október 2021 breytingu á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna. Breytingin felst í að skipulagsmörkum skógræktarsvæðisins eru breytt, svæðið minnkar um 0,14 ha. Lega gögnustíga er lagfærð til samræmis við stígakerfi hverfisins. Breytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Höfðagrund 5.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 25. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Sólmundarhöfða er varðar Höfðagrund 5. Breytingin felst í að stækka byggingarreit, nýtingarhlutfall lóðar verður 0,4. Breytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Asparskógar 1.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 11. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 4. áfanga, er varðar Asparskóga 1. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað í 0,54. Breytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Baugalundur 24.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 11. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 2. áfanga, vegna Baugalundar 24. Breytingin felur í sér stækkun um 1,4 m í austur að opnu svæði, nýtingarhlutfall hækkar í 0,4. Breytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 4. febrúar 2022.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 18. febrúar 2022